

Nd.

413. Breytingartillögur

[152. mál]

við frv. til l. um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflökka.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Aftan við 1. gr. bætist: og getur hún stofnað til skuldar við Seðlabankann í þessu skyni.
2. Á eftir 1. mgr. 3. gr. komi ný málsg., svo hljóðandi:
Ákvæði 1. mgr. ná þó eigi til skuldbindinga samkvæmt vinnusamningum eða hlutaskiptasamningum, sem til hefur verið stofnað á næstu 6 mánuðum á undan þeim degi, er umrædd tilkynning stofnlánadeildar berst skiptaráðanda. Sömuleiðis ná ákvæðin eigi til þeirra skuldbindinga, sem til er stofnað eftir 14. janúar 1961. Kröfur eða réttindi fyrnast ekki vegna frests, sem leiða kann af ákvæðum 1. mgr.